

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð

Skólanefnd.

14. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 8. september 2008 kl. 16:30

Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Jóhann Böðvarsson, Auður Jónsdóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Skólastarf 2008 - 2009.

Sólveig fór yfir það helsta á nýju skólaári.

Vetvangsferðir verða farnar í þessari viku, eldri nemar fara í tveggja daga ferð í Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi en yngri nemar í dagsferð á Körflusvæðið og Hrafninnuhrygg. Danskennslan er ákveðin seinni hluta október. Skólanámskráin er í vinnslu og verður sett á heimasíðu skólans.

Farið var yfir framkvæmdir við skólann í sumar.

Sólveig sagði frá nýsamþykktum lögum um grunnskóla. Meðal annars verða beytingar á framkvæmd samræmdra prófa í 10. bekk, aðeins verður prófað í stærðfræði, íslensku og ensku og á næsta skólaári verða samræmdu prófin tekin á haustönn. Hægt er að kynna sér lögín í heild sinni á www.nymenntastefna.is.

3. Önnur mál.

Í kjölfar umræðu um ný grunnskólalög vöknudu spurningar um hlutverk og starfsvið skólanefndar. Teljum við æskilegt að skólanefnd fái starflýsingu eða erindisbréf til að starfa eftir.

Fundi slitið kl. 18:30

Hrafnhildur Geirsdóttir.
Eyþór Pétursson
Jóhann Böðvarsson.
Steinunn Ósk Stefánsdóttir.
Þórhalla Valgeirsdóttir.